

Fundargerð

19. fundur svæðisráðs um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum
1. október 2024 klukkan 10.00 í gegnum Teams fjarfundarbúnað

Mætt:

Magnús Jóhannesson (MJ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs:

Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ)

Freydís Vigfúsdóttir (FV)

Hreinn Hrafnkelsson (HH)

Ívar Karl Hafliðason (ÍKH)

Jón Björn Hákonarson (JBH)

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hildur Kristjánsdóttir (HK) sem ritaði fundargerð.

Friðfinnur Skaftason og Þuríður Lillý Sigurðardóttir voru fjarverandi.

MJ setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Erindi frá innviðaráðuneyti varðandi villu í uppdrætti strandssvæðisskipulags.

EAÁ gerði grein fyrir erindi innviðaráðuneytis til svæðisráðs, dags. 9.7.2024, en áður hafði Skipulagsstofnun tilkynnt ráðuneytinu að stofnunin teldi þörf á að gera óverulega breytingu á Strandsvæðisskipulagi Austfjarða sbr. 2 mgr. 14. gr. í lögum um skipulag haf- og strandsvæða, vegna villu sem hafi slæðst inn í uppdrátt í staðfestu skipulagi. Ráðuneytið óskar eftir því að svæðisráð Austfjarða taki til skoðunar erindi Skipulagsstofnunar og geri tillögu um breytingu á strandsvæðisskipulagi Austfjarða, telji það þörf á.

Reitirnir sem villan snertir eru í nýtingarflokknum umhverfi og náttúra (UN), nánar tiltekið svæðin UN7 Sauðatindur og Krossar og UN8 Seley. Villan felst í auka reitum sem birtast á uppdrætti í kringum tiltekna reiti.

Samkvæmt 3. mgr. 14. greinar laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 skal við mat á því hvort breyting á strandsvæðisskipulagi geti talist óveruleg taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á nýtingu umrædds svæðis í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stóru svæði.

Ekki er líklegt að fyrrgreind leiðrétting muni hafa í för með sér áhrif á núverandi nýtingu eða mikil áhrif á einstaka aðila.

Afgreiðsla svæðisráðs:

Svæðisráð telur nauðsynlegt að gera tillögu að óverulegri breytingu á gildandi strandsvæðisskipulagi Austfjarða, sbr. 3 mgr. 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, til þess að leiðrétta villu í skipulagsuppdrætti þannig að auka flákar í kringum reitir UN7 og UN8 verði felldir út og afmörkun þeirra verði eins og í skipulagstillögunni sem

auglýst var í júní 2022. Svæðisráð felur Skipulagsstofnun að móta rökstudda tillögu um breytinguna sem verður send ráðherra til samþykktar, að fengnu samþykki svæðisráðs.

2. Viðbrögð við bréfum vegna vöktunar og framkvæmdar mótvægisáðgerða vegna siglingaöryggis.

Á síðasta fundi svæðisráðsins var ákveðið að senda bréf til Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hafrannsóknarstofnunar og Umhverfisstofnunar á grunni stefnu skipulagsins um heildstæða vöktun sem kemur fram í kafla 7.2 í greinargerð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Óskað var eftir upplýsingum um þá vöktun sem stofnanirnar sinna, samstarfi milli stofnanna og hvernig niðurstöðum vöktunar er miðlað.

EAÁ gerði grein fyrir þeim viðbrögðum sem hafa borist við erindinu.

Viðbrögð hafa borist frá NÍ og UST. Auk þess hafa borist upplýsingar um vöktunarverkefni frá Náttúrustofu Austfjarða, en Skipulagsstofnun óskað eftir upplýsingum frá náttúrustofunni þar sem NÍ benti á að náttúrustofur framkvæmi vöktun á skipulagssvæðunum. Skipulagsstofnun sendi sambærilegt bréf til náttúrustofunnar og óskaði eftir upplýsingar um vöktunarverkefni sem eru á þeirra hendi.

Svæðisráð ákvað einnig á síðasta fundi að senda bréf til innviðaráðuneytis til að minna á framfylgd mótvægisáðgerða sem lagðar voru fram í vinnu starfshóps um öryggi siglinga. Ekki hafa borist upplýsingar um stöðu og framkvæmd mótvægisáðgerða frá innviðaráðuneytinu, en skv. upplýsingum frá ráðuneytinu er von á svári við erindi svæðisráðs.

Svæðisráð felur Skipulagsstofnun að reyna að fá betri mynd af þeirri vöktun sem er í gangi, m.a. öflun upplýsinga frá Hafrannsóknarstofnun og frekari gagna frá Umhverfisstofnun.

3. Minnisblað til innviðaráðherra vegna ákvæða um siglingaöryggi og leyfisveitinga.

MAST hefur gefið út rekstrarleyfi til Arnarlax vegna sjókvíaldis á þremur svæðum í Ísafjarðardjúpi þ.e. Óshlíð, Drangsvík og Eyjahlíð og eru þau innan reita sem ætluð eru til staðbundinnar nýtingar samkvæmt strandsvæðisskipulagi (SN23, SN35, SN36).

EAÁ greindi frá því að Skipulagsstofnun vakti athygli Innviðaráðuneytisins á að leyfin hafi verið gefin út þrátt fyrir að áhættumat siglinga hafi ekki talið forsendur fyrir þessum leyfum að svo stöddu.

Svæðisráð telur rétt að vekja ennfremur athygli Matvælaráðuneytisins á þessari stöðu og felur Skipulagsstofnun senda ráðuneytinu upplýsingar um hana.

4. Mögulegar breytingar á lögum um skipulag haf- og strandsvæða

EAÁ skýrði frá því að Innviðaráðuneytið hafi kynnt frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða (skipan svæðisráða o.fl.) og liggur til umsagnar á samráðsgátt til 11. október nk, sjá hér: <https://island.is/samradsgatt/mal/3829>

5. Önnur mál

EAÁ upplýsti svæðisráð um að Skipulagsstofnun hafi sent bréf til Matvælastofnunar, dags. 16.9.2024, og vakið athygli á því að umsögn Farice ehf. um fyrirhugað sjókvíaeldi í Seyðisfirði gefi tilefni til að Matvælastofnun nýti þá samráðsheimild sem er í 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða og óski eftir umsögn Skipulagsstofnunar um samræmi tillögu að rekstrarleyfi vegna sjókvíaeldis í Seyðisfirði við Strandsvæðisskipulag Austfjarða. Jafnframt var upplýst að stofnunin vinnur að því að svara lögmanni VÁ! vegna athugasemda sem borist hafa vegna strandsvæðisskipulagsins og mun ráðið verða upplýst um það þegar það liggur fyrir.

Ákveðið var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.

Fleira var ekki rætt. Fundi var slitið kl. 11:45.